



Bohan Wodiczko vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands, 27. desember 1966

Bjarni Benediktsson – Hljómlist – Forsætisráðherra – Sinfóníuhljómsveit Íslands – Þjóðleikhúsið –
Óperan – Arnór Hannibalsson þýddi úr pólsku

Tekið af vef Borgarsjólasafnsins

bjarnibenediktsson.is

*Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-33, Örk 1*

©Borgarsjólasafn Reykjavíkur

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ISLANDS

Nú er hjá að líða þriðja starfsár mitt sem hljómsveitarstjóri sinfóníuhljómsveitarinnar í Reykjavík. Af þeim sökum tel ég mér skylt að greina frá högum hljómsveitarinnar og þróunarhorfum þeirrar stofnunar. Þær kröfur, sem settar eru fram í þessari skýrslu minni, verður að athuga nákvæmlega hið skjótasta og koma þeim í framkvæmd. Er það sökum þess, að núverandi ástand hljómsveitarinnar hlýtur vægast sagt að valda áhyggjum og án viðeigandi ráðstafana og róttakra breytinga á skipulagi má sjá fram á endalok hljómsveitarinnar í náinni framtíði, eða þá að hún hlýtur að breytast í litla kammerhljómsveit.

Margra ára reynsla míni gefur mér rétt til að skýra frá málunum skýrt og hreinskilnislega. (Eg hef skipulagt og komið á fastan fót fjórum stórum sinfóníuhljómsveitum og einu stóru óperuleikhúsi. Jafnframt hef ég gegnt störfum sem prófessor við Tónlistarakademíuna í Varsjá og menntað fjölmarga af fremstu hljómsveitarstjórum yngri kynslóðarinnar í Póllandí). Hvarvetna þar sem ég hef starfað, hef ég leitast við að koma upp vel skólaðri hljómsveit, sem staðizt getur strangar kröfur. A sama hátt vildi ég gjarnan, að starf mitt á Íslandi bæri sem beztan árangur, bannig að tónlistarlíf framtíðarinnar á þessu landi, sem mér er svo kart, geti byggzt upp á traustum grundvelli. Jákvaður árangur næst hví aðeins, að allmög skipulagsvandamál og að sjálfsögðu listræn vandamál verði leyst. Til þess að öðlast betri skilning á hinum óhákvæmilegu breytingum, er nauðsynlegt að vorfa um öxl og íhuga hinar góðu og slæmu hliðar stjórnarinnar hingað í og draga síðan viðeigandi ályktanir sem öll kröfugerð byggist svo

Sinfóníuhljómsveitⁱⁿ hófst upp við erfiðar aðstæður, en sú er vanasagan við upphaf brautryðjendastarfs á þessu sviði. Það er aðei-

að þakka atorku og frumkvæði og þrautseigju nokkurra frábærra manna, og þá ekki hvað sízt stórvirkasta frumherjans, Ragnars Jónssonar, að bessi hljómsveit fór hægt og sígandi að fá á sig svip atvinnumanna-hljómsveitar. Erfitt og vanbakklátt starf sýndi loks fram á, að almenningur á Íslandi hefur þörf fyrir reglubundna tónleika symfóníuhljómsveitar - vill hafa stöðug tengsl við lifandi tónlist. Jafnframt hefur verið komið á kammertónleikum og hljómleikum með framúrskarandi einleikurum og einsöngvurum. Þetta hefur átt sinn þátt í að vinna nýja hlustendur fyrir hljómleikasalinn. Upphafstímabilið - hlaðið af áhyggjum, árangri og tíðum mistökum - er nú að baki. Aftur á móti hefur varhugaverð kyrrstaða og sjálfsánægja haldið innreið sína. Það gildir um tónlistina eins og um önnur svið mannlegar viðleitni, að hverskonar kyrrstaða er upphaf endaloka sérhverrar stofnunar. Þessi kyrrstaða í hljómsveit okkar hefur nú varað allmögð ár. Á yfirborðinu hefur sumt breytzt til hins betra: hljómleikum hefur verið fjölgæð, áhæyrendur hafa fyllt hljómleikasalinn, verkefnaskrá hefur smám saman orðið fjölbreyttari og innihaldið æ erfiðari verk, stöðugt fleiri frábærra einleikara hafa komið fram ásamt með hljómsveit okkar. - En allt er það aðeins sýnd, þar sem hljómsveitin tekur tæplega nokkurri framför, og auðvelt er nú að sjá fram á bráða kreppu í hljómsveitinni. Nú er svo komið, að ekkert stoðar jafnvel ötult starf reynðs hljómsveitarstjóra, né heldur að skjóta sér bak við hávaðasama statistík starfsátlunarinnar. Hér kemur ekkert að gagni annað en róttakar breytingar og óhvikul afstaða þeirra manna, sem bera á herðum sér örlög þessarar stofnunar. Hvaða orsakir liggja til þess, að svo er komið?

A síðastliðnum tíu árum hefur bessi hljómsveit, sem taldi 41 hljómlistarmann, aðeins bætt við sig ^{fimm} mönnum. (fjöldi hljómsveitar-manna er nú 46 menn). Enn sem fyrr hagnýtir hljómsveitin starfskrafta svokallaðra "extra"-manna, þ.e.a.s. íhlaupamanna, en brátt mun

koma í ljós, að slíkt er hreinasta fásinna.

A tíu ára tímabili hafa hljómlistarmennirnir ekki aukið menntun sína hið minnsta. Ekki hafa farið fram neinar samkeppnir til konsertmeistara né til fyrstu radda í blásarasteitinni. Allar ákvarðanir um laun eru tilviljunarkenndar og oftlega gersamlega rangar. Sökum bess að hljómsveitin hefur árum saman ekki haft neinn raunverulegan yfirlæknar, hafa þeir aðilar, sem átt hafa að fá nákvæmar upplýsingar, ekki getað gripið inn í né heldur hjálpað, þar sem ekki hefur verið fyrir hendi raunsannt listrænt mat þessarar hljómsveitar. Hið "járnharða" lögmál - eða ef til vill væri réttara að segja venja - að fjölgum ekki smám saman í hljómsveitinni hefur haft í för með sér:

- 1) Ungir og hæfir hljómlistarmenn úr Tónlistarskólanum hafa ekki komið að til starfa.
- 2) Brottflutningur til útlanda fjölda menntaðra íslenzkra tónlistarmanna og langdvalir beirra erlendis (flestir stunduðu nám fyrir férfikisins, fengu styrki). Þeir myndu þó gjarnan snúa aftur heim, ef þeir fengju viðunandi stöður með því að taka þátt í samkeppni og síðan laun í samræmi við stöðu sína.
- 3) Lausráðning svokallaðra "extra ómenntaðra" tónlistarmanna, íhlaupamanna, á einstaka tónleika hefur myndað sérstakan hóp vanmenntaðra, tilgerðarlegra tónlistarmanna, sem ekki hafa áhuga fyrir þessu starfi og líta á íhlaupaleik sinn í hljómsveitinni sem illa nauðsyn.
- 4) Tregða til að leggja fyrir sig tónlistarnám, þar sem staða (profession) tónlistarmannsins er í raun og veru ekki til á Íslandi, sökum þess að engir möguleikar eru fyrir þá, sem lokið hafa námi að fá stöðu í hljómsveitinni og að njóta launa, sem nægja til að framfleyta meðalstórri fjölskyldu.
- 5) Þar sem ekki hefur farið fram alltaf öðru hvoru endurmat á

starfshæfni og alls engar breytingar á mannaskipan hafa átt sér stað, hafa lélegir og vanmenntaðir tónlistarmenn - sökum skorts á öðrum betri - sem tekið var við fyrir fjölmögum árum, haldið áfram að skipa sitt sæti í hljómsveitinni og komið þannig í veg fyrir aðgang ungra og hæftra listamanna. (Vel mætti hafa það í huga, að atvinnu skortir ekki á Íslandi, og auðvelt atti að vera að finna önnur störf handa þeim, sem með samsíð hafa lokið sínum vinnudegi)

6) Tilviljunarkennd og skipulagslaus þjálfun hljómsveitarinnar, til skipti hljómsveitarstjóra, sem oftast nær hafa stjórnað hljómleikum sem gestir, óhagkvæm nýting hljómsveitarinnar samkvæmt reglunni: "ef við höfum tíma til þá leikum við bara eitthvað" - allt þetta hefur haft einkar neikvæð áhrif á hljómsveitina og orðið henni síður en svo til stuðnings.

Allt þetta hefur leitt til þess, að hljómsveitin er nú mjög ójöfn. Í henni eru nokkrir hljómlistarmenn, sem hafa alls enga hæfileika til að starfa í hljómsveit. Hljómsveitin er fámenn. Hún starfar að vísu ötult, en samt sem áður án nokkurs áhuga af hálfu ráðamanna. Ekki er upp á nokkurt varalið að hlaupa í blásarasveitinni, og þess vegna þarf ekki í rauninni annað en að einhver einn þeirra veikist, til að hvaða tónleikar sem varu yrðu að falla niður, en aflýsing heilla tónleika hefði í för með sér afarmikið fjárhagslegt tap. Aðstæður eru því slíkar, að kreppa vofir yfir hljómsveitinni, ef ekki verður þegar í stað gripið til rótakra ráðstafana. Að öðrum kosti má búast við, að hljómsveitin missi úr höndum sér áheyrendahóp sinn, sem hún hefur lagt á sig svo mikið erfiði til að öðlast. Ennfremur má búast við versnandi túlkunarhæfni hljómsveitarinnar á hljómleikum, sem endanlega hefur í för með sér endalok hljómsveitarinnar sem slíkrar, hversu nauðsynleg sem hún kann að bykja; eða þá að hljómsveitin verður endurskipulögð sem kammerhljómsveit.

Eg mun hér á eftir gera grein fyrir þeim skilyrðum, sem þarf að uppfylla, til þess að starfsemi hljómsveitarinnar komist á fastan grundvöll, til þess að fjölmennari hljómsveit, sem leggur á sig ötult starf undir stjórn reyns hljómsveitarstjóra (sem jafnframt nætti kalla kennara eða uppalanda), geti á tveim til þrem árum orðið að hljómsveit sem geti á viðunandi hátt orðið fulltrúi landsins í hljómleikaflutningi erlendis og haldið uppi hljómleikum innanlands og fengið til samstarfs framúrskarandi hljómsveitarstjóra og einleikara (einsöngvara).

I. Uppbygging starfsgrundvallar hljómsveitarinnar réttarfarslega.

Stofnun Filharmoníu íslenzka ríkisins (National Icelandic Symphony Orchestra).

Hljómsveitin ber nú all undarlegt nafn: "Sinfóniuhljómsveit Íslands og Ríkisútværpsins". Þar sem fjárhagsgrundvöllur hljómsveitarinnar er kominn undir framlögum hvorki meira né minna en fjögurra aðila (ríki, útvarp, höfuðborg og Þjóðleikhús), vaknar sú spurning, hver þessara aðila ber ábyrgð á heildarstarfi hljómsveitarinnar og hvort yfirleitt er til nokkur samræming hvað varðar eðlilega þróun og hagnýtingu þessarar hljómsveitar. Hljómsveitin verður að gerast ríkishljómsveit. Sú breyting verður að gerast ekki síðar en 1. janúar 1968. (Þann 31. desember 1967 renna út samningar milli hljómlistarmanna og stjórnar ríkisútværpsins).

Þegar hljómsveitin verður orðin ríkishljómsveit, ber að setja henni sérstaka reglugerð og starfsskrá. Stjórnina skulu skipa framkvæmdastjóri og yfirmaður hljómsveitarinnar (tónlistarstjóri). Hljómsveitin fengi og sína sérstöku stjórnarnefnd (eftirlitsráð), sem ráðherra menningar og lista skipaði. Starfsáætlunar hvers árs skulu samræmdar þörfum útværps, leikhúss og fræðslumálaráðuneytis. Filharmonía, sem stofnuð væri á þessum réttargrundvelli, skal hafa með höndum yfirstjórn alls tónlistarlífs á Íslandi. Á hennar vegum yrði rekin hljómleikaskrifstofa

(einleiks- og einsöngvarahljómleikar og kammerhljómleikar), ennfremur yrðu á hennar vegum skipulagðir hljómleikar úti um land og erlendis, áhugamönnum veitt aðstoð (lúðrasveitum áhugamanna, kórum og annarri tónlistarstarfsemi áhugamanna). Fílharmónían yrði fulltrúi allrar tónmennингar Íslendinga (að sjálfsögðu í samvinnu við fræðslumálaráðuneyti, Tónlistarskóla, Tónskáldafélag og félög tónlistarmanna). Eg sé ekki aðra skynsamlega lausn þessa vandamáls. Núverandi réttarstaða hljómsveitarinnar er óeðlileg og vissulega langt á eftir tímanum. Engin leið verður að halda henni óbreyttri til lengdar.

II. Jafnframt hví að hljómsveitin verður ríkisrekin ber að endurskipuleggja frá grunni allan mannafla hljómsveitarinnar

Lágmarksfjöldi hljómlistarmanna, sem til þarf að flytja meginborra eldri og samtíma verka tónbókmennitanna er 70 manns. (Hljómsveitin hefur núna á að skipa, ef íhlaupamenn eru meðtaldir, 58 hljómlistarmönnum). Nánar tiltekið er lágmarksþörfin: 12 1.-fiðlar, 10 2.-fiðlur, 8 víólur, 7 celli, 5 kontrabassar, 3 flautur, 3 óbó, 3 klarínættur, 3 fagottar, 4 horn, 3 básúnur, 3 trompettar, 1 túba, 1 timpani, 2 pákur, 1 harpa, 1 pianó.

Til þess að koma þessum kröfum í framkvæmd þarf að gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) fjórum mánuðum áður en núverandi samningur rennur út (í september 1967) ber að framkvæma rækilega hæfnisprófun allra fastráðinna hljómlistarmanna.

b) bjóða öllum tónlistarnemum að reyna sig (í maí 1967) og ráða meðal þeirra unga og hafa starfskrafta.

c) Eftir því sem tök verða á að bjóða hingað heim til starfa öllum hæfum tónlistarmönnum, sem starfa erlendis (og hefja samningaumleitanir við þá þegar í janúar 1967). Hljómsveitin yrði látin gangi

(einleiks- og einsöngvarahljómleikar og kammerhljómleikar), enn fremur yrðu á hennar vegum skipulagðir hljómleikar úti um land og erlendis, áhugamönnum veitt aðstoð (lúðrasveitum áhugamanna, kórum og ~~nákkum~~ annarri tónlistarstarfsemi áhugamanna), og þessi skrifstofa myndi koma fram sem fulltrúi allrar

).

fyrir um starfszáðningu hér í heimalandinu allra þeirra tónlistarmanna, sem nám stunda erlendis og ljúka því námi (allar styrkveit-ingar verði með því skilyrði, að viðkomandi séx skyldur til að vinna í heimalandinu ákveðinn tíma að loknu námi).

d) stofna smám saman nokkurn hóp svokallaðra æfingarnemenda (praktikanta) innan hljómsveitarinnar og þeir valdir meðal nemenda Tónlistarskólans (kauplaust) í náinni samvinnu og með samkomulagi við skólastjóra Tónlistarskólans.

e) taka alla "extra"- hljómlistarmenn (íhlaupamenn) til strangrar hæfnisprófunar. Meðal þeirra eru nokkrir með allgóða hafileika en einnig þeir, sem teljast verða mjög lélegir.

f) erlendir tónlistarmenn verði því aðeins ráðnir, að brýna nauðsyn beri til, og ákveðið verði að á næstu fimm árum verði lokið menntun íslenzkra tónlistarmanna í þeirra stað. (Árið 1971 ber hljómsveitinni að hafa sín á meðal aðeins íslenzka borgara).

III. Komið verði á nýju launakerfi

Launaflokkar hljómlistarmanna verði eins og hér segir:

I. flokkur. Fyrsti konsertmeistari.

II. flokkur. Fyrstu raddir í strengjakvintettinum og í blásara-hópnum, svo og harpa, trumbur og pianó.

III. flokkur. Hæfnisprófaðir tónlistarmenn með langa starfsreynslu.

IV. flokkur. Nýliðar án starfsreynslu í hljómsveit.

(Þessir nýliðar hafi síðan rétt til að hækka í launaflokki eftir að þeir hafa öðlast starfsreynslu í hljómsveitinni um nokkurn tíma og eftir endurtekna hæfnisprófun).

Lágmarksblaun, sem greidd séu alla 12 mánuði ársins, skulu vera sem hér segir:

I. flokkur: 30.000,-- kr. á mán.

II. flokkur: 25.000,-- - - -

III. flokkur: 20.000,-- kr. á mánn.

IV. flokkur: 15.000,-- - - -

Auk þess ber að veita skattaívilnun vegna kostnaðar við viðhald og endurnýjun á hljóðfæri og vegna kaupa á strengjum, blöðum (í blásturshljóðfæri) o.s.frv.

Ráðningarsamningar við alla tónlistarmenn fyrstu fimm ár hinnar endurskipulögðu og nýstofnuðu hljómsveitar skulu gerðir aðeins til eins árs með rétti til að framlengja þá um eitt ár í senn. Það gefur stjórnanda hljómsveitarinnar möguleika til að lækka laun þeirra, sem sýna af sér sláma og lélega vinnu og jafnframt að hakka upp í hærri launaflokk hvern þann listamann, sem vinnur vel og eykur hæfni sína.

IV. Samningar

Ráðningarsamningar, sem gerðir hafa verið hingað til við einstaka hljómlistarmenn, hafa verið illa úr garði gerðir - óljósir og óþarfi-lega flóknir, óhentugir bæði fyrir hljómsveitarstjórnina og tónlistarmennina.

I samningnum verða að standa skýr ákvæði um, hversu oft viðkomandi tónlistarmaður skuli koma fram árlega, þ.e. hversu oft hóhum sé skyldt að taka bátt í tónleikahaldi. I núverandi samningum er ekki orð um, hve margar fríðaga tónlistarmaðurinn skuli hafa ár hvert. Ef samningurinn gerir ráð fyrir samvinnu við leikhús og útvarp, þá ber að tilgreina nákvæmlega, hversu mörgum tónleikum og æfingum viðkomandi er skyldur að taka bátt í, og hversu margar minútur tónlistar hann skal leika fyrir útvarp. - Engin regla er heldur á útvarpi frá hljómliekum. Öllu er útvarpað og allt er hljóðritað, og sérhver hljóðritun getur verið endurtekin margsinnis. Útvarp frá hljómliekum ber að telja með í minútufjölda hljóðritunar, eða þá að greitt sé fyrir það sér-staklega. Ennfremur ber að ganga frá starfskilmálum vegna komandi

samvinnu við sjónvarp. Stjórn hljómsveitarinnar hefur í samningum ekki áskilið sér neinn rétt til viðurlaga vegna agabrota. Ekki er gert ráð fyrir neinum refsingum fyrir að koma of seint á áfingar, fyrir óheimilar fjarvistir, fyrir sláma hegðun o.s.frv. Áður en nýir samningar eru undirritaðir, ber að setja saman starfsreglugerð fyrir hljómsveitina, og hún yrði síðan fylgiskjal, sem gilti til jafns við gerðan samning. Sumarleyfi (á fullum launum) ætti að vera 6 vikur, en tvær vikur ber að helga undirbúningsvinnu fyrir nýtt starfsár.

Ráðningarsamninga er ekki nokkur leið að gera frá og með 1. janúar, svo sem nú gerist. Það skapar tvennskonar erfiðleika fyrir yfirstjórn-hljómsveitarinnar. Á miðju starfsári er hvorki hægt að gera nýja samninga né skipta um tónlistarmenn. Samningar verða að gilda fyrir starfsárið - þ.e.a.s. frá 1. september til 31. ágúst með briggja mánaða uppsagnarfresti beggja aðila, þ.e. báðir aðilar fyrir sig hafi rétt til að segja samningnum upp með briggja mánaða fyrirvara.

V. Fjárhagsáætlun - eða kostnaður við starfsemi slíkrar stofnunar

Stofnanir eins og leikhús, óperur, filharmoníur eru um allan heim eðli sínu samkvæmt hallarekstursfyrirtæki. Fjárveitingar til beirra úr ríkissjóði eru yfirleitt mjög háar. Samt sem áður eru þessar stofnanir hvarvetna til, þar sem nú á dögum er ekki hægt að hugsa sér uppeldi þjóðfélagsborgaranna án tónlistarmenningarinnar. Upphæð fjárveitinga ríkisins er ætið miðuð við tekjur af seldum miðum og öðrum greiðslum sem renna til Filharmoníunnar. Reglan er yfirleitt sú, að ríkið greiðir uppbót á sérhvern áhorfanda eða áheyranda á hljóMLEIKUM (þ.e. á hvern seldan miða). Þessi háttur er hafður á fjárhagslegum stuðningi ríkisins með það fyrir augum að halda sjálfrí stofnuninni innan ákveðinna marka, en ýta jafnframt

undir aukinn fjölda hljómleika, aukna fjölbreytni í verkefnavali og einnig til að hvetja til annarskonar tónlistarflutnings, sem oft er aðeins skemmtunarhald. Það verður í verkefnahring hinnar nýju stjórnar og hljómsveitarráðs að sjá fyrst og fremst um, að tekjur af aðgöngumiðasölu að öllum hljómleikum séu sem hæstar (og ætti þá að ákvarða ákveðna teknaupphæð, sem rennur til ríkisins af seldum aðgöngumiðum), eða m.ö.o. minnka sem allra mest fjárfestingar ríkisins á hvern seldan miða. Að sjálfsögðu má þessi stefna aldrei og alls ekki með nokkru móti hafa áhrif í þá átt að draga úr listranni frammistöðu hljómsveitarinnar.

Enn eru allmög vandamál varðandi rétta hagnýtingu jafnvel þess ekki alltof mikla fjár, sem nú er til ráðstöfunar. Þeg nefni sem dæmi: Hljómleikasalurinn (Háskólabíó) rúmar 970 áheyrendur. Leigan fyrir þennan sal er núna - 25 þús.kr. fyrir hvert kvöld á sinfóniutónleikum, 15 þús. kr. fyrir sunnudagstónleika eftir hádegi og 10 þús.kr. fyrir skóla- og æskulýðstónleika. Þar að auki er greidd ársleiga að upphæð 100 þús.kr. Ef við nú margföldum þessar tölur með fjölda tónleika á starfsárinu, þá kemur í ljós, að sinfóniuhljómsveitin greiðir um eina milljón króna fyrir afnotin af salnum. Þessi útgjöld nema 32% af öllum tekjum af aðgangseyri og þau renna til stofnunar, sem einnig elur upp nýja kynslóð og ætti að styðja sérhverja aðra viðleitni til menningarlegrar eflingar og fagurfræðilegs uppeldis hinna ungu, styðja hana og styrkja í stað þess að fára sér aðra menningarstofnun í nyt sem gróðalind. Samning væntanlegrar fjárhagsáætlunar, starfsskrár og áætlunar um tekjur af miðasölu á að fela sérfræðingum um fjármál og lögfræðingum, en Hljómsveitarráð og stjórn hljómsveitarinnar tákju einnig þátt í því starfi. Þegar áætlunin væri svo tilbúin væri hún lögð til umræðna og staðfestingar fyrir viðeigandi þingnefnd eða aðra þá fjárhagsstofnun ríkisins, sem málinu væri visað til

VI. Vandamál kóra og kammerhljómsveita

Allir kórar á Íslandi starfa á áhugamannagrundvelli (sem vissulega er mjög heilbrigtr fyrirbari). Tveir karlakórar eru kommir allvel áleiðis, en raunverulega er enginn blandaður kór til, sem hafur væri til að koma fram tvívar til þrisvar hvert starfsár á sinfóniutónleikum. Eini kórinn af þessu tagi er "Filharmónia", sem stofnaður var fyrir nokkrum árum að frumkvæði hljómsveitarstjórnarinnar. En þessi kór tvístrast nú sem óðast (3/4 hlutar karlaradda eru farnir úr honum). Orsakirnar eru þessar: enginn fastlaunaður kórstjóri, vöntun á sal til æfinga, enginn söngkennari né þjálfari í söng, nú og alger vöntun á starfsáætlun. Kór, sem þarf 14 eða fleiri mánuði til að undirbúa flutning á einu verki, er ekki hafur til starfa við þjóðarfilharmóniu. Slikt vinnulag hefur það í för með sér, að kórfélagar verða leiðir og breyttir, og þeir sjá heldur ekki fram á neina framtíðarþróun. Áhugamaður, sem starfar í kór, verður að vera stoltur af kór sínum, verður að finna í kring um sig áhuga almennings og fá sifellda hvatningu til starfa með því að glíma við fjölbreytt verkefni, hann verður að vita af því að kór hans njóti vaxandi álits og að sjálfsögðu að verða hluti af sínu litla þjóðfélagi, sem tónlistin tengir saman og sameiginlegt félagslíf. Úr þessum vandamálum getur aðeins góður skipuleggjandi og kórmeistari í einni persónu leyst í samvinnu við hljómsveitarstjórnann.

Engin kammerhljómsveit eða hópur til flutningsí á kammerverkum hefur notið né nýtur hér á Íslandi hins minnsta styrks til stuðnings tilveru sinni við iðkun þessarar tegundar af tónlist, sem enn nýtur ekki almenningshylli. Þó eru á þessu sviði nokkrir frábærir tónlistarmenn. Hví þá ekki að stofna við filharmóniuna íslenzkan strangjarkvartett og blásarakvintett?

VII. Músikleikhús eða stór ópera?

Sinfóniuhljómsveitin hefur samvinnu við Þjóðleikhúsið og tekur bátt í leiksýningum, sem burfa á tónlistarflutningi að halda. Þjóðleikhúsið var aldrei stlað það hlutverk að vera jafnframt stofnun, sem gæti tekið að sér sýningar á óperum af starri tegund. Þar er ekki fyrir hendi nágilegt rými handa hljómsveitinni, ekki er húsnæði fyrir stóran kór, né heldur nágilegur fjöldi búningsherbergja o.s.frv. Samhliða mjög skemmtilegu verkefnavali á sviði dramatískra leikrita eru sýndar aðallega stórar óperur, sem krefjast annarra teknilegra aðstaðna. Samt sem áður er til önnur leið til að skapa örugglega skemmtilegri og fjölbreyttari söngleikjasýningar, sem er með hægu móti kleift að koma á svið í núverandi byggingu. Kammerópera: A þessu sviði eru til bæði klassísk og nútímaverk. Þessar sýningar krefjast lítils fjölda flytjenda og viðráðanlegra fjárútgjaldar. A hverju starfsári væri hægt að setja upp þrjár til fimm frumsýningar, sem gæfi nýjar og auknar tekjur og vekti áhuga meðal áhugamanna um tónlist.

Um þó nokkurt skeið hefur verið starfraktur ballettskóli við leikhúsið undir stjórn erlendra ballettmeistara. ^{Við höfum} ~~Myndum~~ því miður ekki fengið hingað til takifári til að sjá þótt ekki væri nema eina hógværa sýningu þessa listamannahóps. Einnig á þessu sviði eru til skemmtileg verkefni fyrir þesskonar hóp. Slik ballettsýning hlyti án efa mjög góðar móttökur.

Það væri innan handar að setja saman fleiri áætlanir, benda á fleiri aðferðir til að blása nýju lifi í tónlistarlíf Íslendinga. Höfuðatréði þess máls er þó hæfileikamikið atorkufólk, sem vildi helga sig þessu brautryðjendastarfi í þágu þjóðfélagsins. Ungir og hæfir tónlistarmenn eru hér - beir biða aðeins takifaris til að sýna hvað í þeim býr.

Með beim orðum vil ég ljúka athugasemdum mínum um íslenzka tónlist og söferðir við útbreiðslu hennar. Ennþá einu sinni vil ég eindregið hvetja til, að unnið verði að lausn á vandamálum hljómsveitarinnar. Það er auðvelt að týna út í vindinn því, sem með erfiði og miklum fórnum var byggt upp. Áframhaldandi sköpunar- og uppbyggingarstarf krefst áreynslu og sívakandi huga. Þær borgir munu fáar í Evópu, sem hafa yfir að ráða jafn góðum hljómleikasal og Reykjavík. Það leggur skyldur á herðar beim, sem um tónlistarmál fjalla. Hljómsveitin verður að halda áheyrendahóp sinum og vinna nýja. En það næst aðeins með fleiri og sifellt betri hljómleikum.

Hið mægisgengna kappblaup tækninnar í heiminum á okkar dögum er þegar tekið smám saman að forheimska manninn og hamla menningarþróun hans. Öll ríki hafa komist að samhljóma niðurstöðu um lausn þessa vandamáls - útbreiðsla og aukin iðkun lista. Allmargar alþjóðastofnanir hafa hafizt handa um starf að þessu vandamáli, svo sem UNESCO, Alþjóðaráð fyrir tónlistaruppeldi, Jeunes Musical, - og það ber vott um, að þetta vandamál er mikilvægt og þess virði að unnið sé að lausn þess.

Ég er hvenær sem er reiðubúinn til samvinnu um framkvæmd á þeim áætlunum, sem fram eru settar í þessari skýrslu minni.

Reykjavík, 27.XII.1966

Bohdan Wodiczko

Fylgiskjöl:

- 1) Staðtölfraðilegar upplýsingar
- 2) Starfsmannaskrá hljómsveitarinnar ásamt launaskrá þeirri, sem nú gildir.

(Þýtt hefur úr pólsku: Arnór Hannibalsson)